




Elín Elísabet Jóhannsdóttir



SPOR 4


Lífsleikni fyrir 4 bekk
ISBN 978-9979-0-2263-3

© Elín Elísabet Jóhannsdóttir
© teikningar Ingimar Waage
© ljósmyndir Menntamálastofnun
Mynd af fæðuhring bls. 13 © Manneldisráð
Allur réttur áskilinn

1. útgáfa 2003
Rafræn útgáfa 2018
Menntamálastofnun
Kópavogi

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir
Umbrot og hönnun: Menntamálastofnun
Prentvinnsla: Litróf ehf.

Tillitssemi



Sumum finnst ég vera of felt og þeir striða mér á því. Ég hef fullan rétt á því að vera eins og ég er.

Sumum finnst ég vera asnalega klædd. En ég hef fullan rétt á því að vera eins og ég er.

Sumum finnst ég vera of stór. En ég hef fullan rétt á því að vera eins og ég er.

Sumum finnst ég vera öðruvísí af því að ég er svo dökkur. En ég hef fullan rétt á því að vera eins og ég er.

Sumum finnst ég vera lítil en ég hef fullan rétt á því að vera eins og ég er.



Við erum hrekkjusín og höfum fullan rétt á því að vera það!
Er það ekki?

Nei!

Nei!

Nei!



Nei!



Nei!



Krakkar í klípu



Stefanía 4. T.H.

Mér líður vel í skólanum. Ég á eina mjög góða vinkonu. Við erum alltaf saman. Stundum leikum við okkur við aðrar stelpur og það er mjög skemmtilegt. Við erum mikið í klifurgrindinni á skólalóðinni. Kennarinn okkar heitir Tumi og hann er mjög skemmtilegur. Stundum eru krakkarnir óþekkir í tímum og þá leiðist mér. Stundum þegar krakkar í bekknum hafa verið óþekkir þá skammar kennarinn allan bekkinn. Það finnst mér óþægilegt. Þó það sé ekki verið að skamma mig þá þarf ég að hlusta á allar skammirnar. Hvað á ég að gera?



Sigurður 4. U.Ö.

Mér líður oftast vel í skólanum. Ég er alltaf í fótbalta með strákunum í frímínútunum. Stundum fáum við ekki völlinn því einhver annar bekkur var á undan. Þá finnum við okkur bara einhvern annan stað til þess að spila á. Mér finnst allir strákarnir í bekknum skemmtilegir nema einn. Hann er ótrúlega leiðinlegur. Ég á bráðum afmæli og ég ætla að bjóða öllum nema honum. Er það rétt af mér? Ef ég býð honum er ég hræddur um að hann skemmi afmælið fyrir mér. Hvað er rétt að gera? Hvernig get ég komið í veg fyrir að hann skemmi afmælið fyrir mér ef hann kemur?



Helga 4. R.J.

Mér líður ekki vel í skólanum. Ég er oftast alein í frímínútum og svo er mér líka oft svo kalt. Ég vildi óska að stelpurnar vildu leika við mig. Ef ég sprýr einhverja þeirra hvort hún vilji leika við mig segir hún bara: – Af hverju leikurðu ekki við Rögg? Ef ég sprýr Rögg segir hún: – Ég er að leika við Hildi og Stellu. Svo sprýr hún Hildi og Stellu hvort ég megi vera með en þá segja þær nei. Ég vildi að þetta væri ekki svona. Hvað er hægt að gera?


Rúnar 4. E.S.

Mér líður ekki alltaf vel í skólanum. Mér finnst margt svo erfitt sem við erum látin gera. Stundum skil ég ekkert í því sem kennarinn vill að við gerum og þá reyni ég að kíkja hjá Steinunni sem situr við hliðina á mér. Steinunn er mjög dugleg að læra en hún leyfir mér aldrei að sjá hjá sér. Þá líður mér illa. Þá finnst mér allt svo vonlaust. Hvernig á ég að geta klárað blaðsíðuna eins og hinir krakkarnir ef ég skil ekkert í þessu og fæ ekki einu sinni að sjá hjá öðrum. Hvað er hægt að gera?






Strengjabrúður?



Sumir halda að þeir geti stjórnað öðrum. Þeir reyna að fá fólk til þess að hugsa eins. Kaupa sömur vörurnar, finnast það sama um sömu hlutina, t.d. eins og um tískuna, hvað er í tísku og hvað er ekki í tísku.

Viljum við vera eins og strengjabrúður sem er stjórnað af öðrum?



Hver er munurinn á vélmanni og manneskju?



Hvernig væri veröldin ef við værum öll nákvæmlega eins?

Spurning dagsins


Hvað finnst þér um Línu langsokk?

	Mér finnst hún mjög sniðug og frábærlega sterk. Hún er frábær leikfélagi.
	Mér finnst hún hugmyndarík og skemmtileg. Mér finnst hún samt stundum svoltíð óþekk.
	Mér finnst hún Lína ókurteis og illa upp alin. Hún þyrfti að fara á barnaheimili.
	Lína kann enga mannasiði. Hana vantar almennilegt heimili og gott uppeldi.
	Ég er alltaf öruggur um Tomma og Önnu því Lína passar þau svo vel.
	Mér finnst Lína klóra mér mjög vel á bak við eyrun.
	Lína hefur mjög sjálfstæðan fatasmekk. Hún mætti þó ganga í ögn minni skóm.
	Lína er útsmogin. Það er ekki nokkur leið fyrir okkur að ná henni. Underlegt hvað hún er sterk.
	Lína er hræðileg. Hún er stórhættuleg og það ætti að loka hana inni.
	Lína er besta manneskja í heimi. Hún leyfir mér að vera inni í stofu!
	Lína er blíð og góð. Hún leyfir mér að hafa mitt eigið jólatré, fyrir framan rottuholuna mína.



Hver af öllum þessum hefur rétt fyrir sér um hana Línu?
Kannski hafa allir nokkuð til síns máls.

Allir eru góðir við lítið barn



Allir elska lítið barn. Það er svo mjúkt og varnarlaust. Það virðist eitthvað svo brothætt. Það gæti farið að gráta ef það verður hrætt. Það vill enginn láta lítið barn fara að gráta. Við höfum það flest innbyggt í okkur að vernda lítil börn. Enginn myndi láta sér detta í hug að meiða litla barnið eða stríða því.

Það er erfitt að hugsa sér að þegar litla barnið verður stærra, kannski níu ára, vilji einhver leggja það í einelti! Stríða því og hrekka það og gera því lífið leitt.

Við höfum öll verið lítil börn. Þá vildu allir vernda okkur. Við skulum halda áfram að vernda hvert annað og muna að innst inni í hverju og einu okkar leynist sami einstaklingurinn og við vorum þegar við vorum pínulítill.



Að tala vel/illa um aðra

Við skulum ekki leika við Ollu, hún er svo mikil gelgja.

Hafið þið séð hvað Sigga er léleg í fótbolta? Hún getur bara alls ekki hitt boltann!

Gummi er svo frekur og leiðinlegur. Ég þoli hann ekki.

Árni er svo montinn. Ég nenni ekki að vera með honum.

Ég heyrði að Stella var að segja að ég væri léleg í fótbolta. Ég ætla sko aldrei í fótbolta framar.

Ef þú talar vel um aðra, lætur það þeim líða vel og líklegt er að þeir tali líka vel um þig.

Ef þú talar illa um aðra, jafnvel bótt þú segir það við einhvern sem þú treystir; er mjög líklegt að það fari hringinn.

Hefurðu séð pabba hans Sigga? Hann er ofboðslega skrytinn.

Silla sagði að ég væri svo mikil gelgja. Ég ætla ekki í skólann á morgun.

Pabbi hans Sigga er barngóður. Hann bakar stundum pönnukökur fyrir okkur.

Mér finnst Silla mjög skemmtileg. Ég ætla að bjóða henni í afmælið mitt.

Palli er flinkur að byggja kofa. Ég ætla að spyrja hann hvort hann vilji vera með í kofanum mínum.

Klara sagði að pabbi minn væri skrýtinn. Ég er leiður yfir því vegna þess að mér þykir vænt um pabba og vil ekki að neinn tali illa um hann.

Stella er mjög góð í fimleikum. Ég vildi að ég væri eins góð í fimleikum og hún.

Ég heyrði að Palli hefði sagt að ég væri svo frekur og leiðinlegur og að hann þyldi mig ekki. Mér líður illa yfir þessu. Ég skil ekki af hverju hann sagði þetta.

Talar þú vel um aðra?
Talar þú illa um aðra?



Golfkylfurnar mínar eru orðnar svo gamlar. Þær eru líka svo fáar.

Ef ég ætti splunkunýjar golfkylfur gengi mér betur á golfvellinum!

Ég skil ekki hvernig fólk hefur ráð á að kaupa sér stór sjónvörp, einbýlis-hús, jeppa og fara til útlanda á hverju ári. Ef ég hefði ráð á því væri ég mjög hamingjusamur!

Ég hef ekki farið til útlanda í mörg ár. Ég væri miklu hamingju-samari ef ég kæmist til útlanda næsta sumar!

Hún Klara var að fá nýjan bíl. Hann er æðislegur! Ef ég ætti svona bíl væri ég í skýjunum!

Ég ætla að kaupa mér buxur samkvæmt nýjustu tísku. Ég get ekki látið nokkurn mann sjá mig í þessum buxum. Ég væri mjög hamingju-söm í nýjum buxum!

Nóg hefur sá sér nægja lætur

Ég hef verið hamingjusamur um ævina. Ég hef ekki alltaf verið ríkur, en ég hef haft fólkid mitt og verið hraustur. Öllum börnunum mínum hefur vegnað vel í lífinu. Er hægt að biðja um meira?

Ég er svo hamingjusamur yfir því að geta spilað golf úti í guðsgrænni náttúrunni. Ekkert er betra en ferskt loft.

Það er frábært veður útil! Ég ætla í göngutúr. Svo er ég er svo heppin að fá öll börnin míni í heimsókn í kvöld. Þau gera mig hamingjusama.

Ég veit ekki af hverju ég er svona hamingjusamur. Ég fann bara allt í einu hvernig hamingjan helltist yfir mig. Samt var það ekki út af neinu sérstöku.

Ég er svo hamingjusöm því mér tókst að koma ömmu á óvart á afmælinu hennar. Ég hef aldrei séð hana svona glaða!





Peningar

Steini litli fór út í búð með mömmu sinni. Mamma hans var að kaupa í matinn. Hún keypti fisk og brauð og nóg af mjólk, því Steini var svo duglegur að drekka mjólk. Hún keypti margt fleira sem var nauðsynlegt til heimilisins. Siggi litli hugsaði ekkert út í það. Þegar mamma hafði fyllt innkaupakerruna af alls konar varningi fór hún að afgreiðsluborðinu til þess að borga. Þau biðu í röð. Steini var orðinn þreyttur og mamma hans var líka orðin dauðþreytt. Hún kveið því að þurfa að bera alla þessa þungu poka út í bíl. Þegar röðin var alveg að koma að þeim kom Steini auga á súkkulaði í hillu við búðarborðið.

- Mamma, mig langar í svona súkkulaði, sagði hann og til öryggis notaði hann vælutón sem oft virkaði á mömmu þegar hann var að biðja um eitthvað.
- Ekki núna, Steini minn.
- Gerðu það, sagði Steini og nú heyrðist örlítill óþolinmæðistónn í vælulegri röddinni.
- Nei, Steini. Ekki núna, sagði mamma.
- Jú, gerðu það. Ég verð að fá súkkulaði, sagði Steini og talaði allt í einu mun hærra og nú var ekki að heyra nokkurn vott af vælutóni í rödd hans, heldur skerandi frekjutón.
- Steini! sagði mamma ákveðin.
- Ég get ekki keypt neitt súkkulaði núna. Ég er ekki með noga peninga á mér. Svo er ekki nammidagur í dag!
- Já, en ég fékk svo litið nammi á nammidaginn, sagði Steini og nú heyrðist suðtónn í rödd hans.
- Ég er ekki með noga peninga, endurtók mamma.
- Skrifaðu þá bara ávísun, sagði Steini og þóttist nú aldeilis hafa dottið niður á lausnina.
- Það virkar ekki þannig, sagði mamma. Það er ekki hægt að skrifa endalausar ávísanir.

Mamma gat ekki útskýrt það nánar fyrir Steina því nú var röðin komin að henni að borga og raða í pokana. Steini var kominn í fylu út í mömmu sína og fannst hún bæði leiðinleg og frek að gefa honum ekki súkkulaðistykki. Það hvarflaði ekki að honum að hjálpa henni að raða í pokana. Hvað þá að bera þá út í bíl.

Hver á nú hvað?

Ég á gamalt sjónvarp í herberginu mínu. Pabbi og mamma fengu sér nýtt sjónvarp og ég fékk gamla sjónvarpið þeirra. Sigga á nýtt sjónvarp sem hún fékk í afmælisgjöf. Er Sigga þá merkilegri og hamingjusamari en ég? Óli á ekkert sjónvarp í herberginu sínu. Er hann þá ekki eins hamingjusamur og merkilegur og ég og Sigga?

Ég á mjög góða fótboltaskó og snjóbretti. Sigga á hvorki fótboltaskó né snjóbretti en Óli á snjóbretti. Er ég þá hamingjusamastur og merkilegastur af okkur öllum?

Sigga er nýkomin heim frá útlöndum. Ég hef hins vegar aldrei farið til útlanda. Ætli Sigga sé þá hamingjusamari og merkilegri en ég?

Óli má fá sælgæti á hverjum degi. Ég má bara fá sælgæti á laugardögum en Sigga má næstum því aldrei fá sælgæti. Ætli Óli sé þá hamingjusamastur og merkilegastur af okkur öllum?

Óli og Sigga eiga hlaupahjól. Ég á ekkert hlaupahjól. Mig langar í hlaupahjól því allir eiga hlaupahjól held ég. Ef ég fæ ekki hlaupahjól ætla ég að suða þangað til ég fæ það! Þá verð ég örugglega mjög hamingjusamur!



Hvað sýnir þessi mynd?



Hvað er sjálfsgagt?

Á Íslandi

Ég á heima á Íslandi. Ég bý í íbúð sem er hlý og hrein. Þar eru húsgögn, t.d. sófi, stólar og borð. Fyrir gluggunum eru gardínur og í gluggakistunni eru blóm.



Ég á mitt eigið herbergi. Þar er rúmið mitt og öll leikföngin mínn. Ég á mikið af leikföngum. Ég fékk að velja litina á veggina í herberginu og hjálpaði til við að velja gardínur. Ég á hjól niðri í hjólageymslu.

Á morgnana fer ég í skólann. Þar læri ég ýmislegt. Ég ætla að fara í háskóla þegar ég verð stór. Ég er samt ekki búin að ákveða hvað ég ætla að verða. Kannski langar mig til að verða læknir, en ég hef líka mikinn áhuga á tölvum svo kannski fer ég í tölvufræði. Ég get valið um það eða eitthvað annað seinna.



Eftir kvöldmat fer ég oft í bað. Ég skrúfa frá krananum og læt heitt og gott vatn renna í baðkarið og leggst í það. Ég get legið lengi í baði. Alveg þangað til tærnar á mér eru orðnar eins og rúsínur. Ég leik mér í baðinu með baðdótið mitt. Stundum hef ég freyðibað. Stundum vil ég frekar fara í sturtu og þá stand ég lengi undir hlýrri bununni og læt buna á mig. Svo fer ég að sofa. Morguninn eftir klæði ég mig, fæ mér morgunmat og fer í hlýja snjógallann minn. Pabbi er einmitt að fara í vinnuna og ég fæ far með honum í skólann.



Í Afríku

Ég á heima í Afríku. Ég bý í litlum strákofa. Við búum mörg saman og sofum öll á fleti á gólfingu. Stundum höfum við ekki mikið að borða en stundum er nægur matur. Við förum því mjög vel með matinn og pössum að ekkert fari til spillis.


Um daginn fékk ég mikinn magaverk og mamma vildi láta lækni skoða mig. En það er enginn læknir í þorpinu. Pabbi og nokkrir frændur mínrí báru mig langa leið í næsta þorp. Þar er heilsugæslustöð. Ég þurfti að vera þar í nokkra daga.



Ég fæ ekki að ganga í skóla. Pabbi og mamma myndu alveg leyfa mér það. En það er enginn skóli í þorpinu. Skólinn er svo langt í burtu að ég kæmist ekki þótt ég vildi. Á hverjum degi þarf ég að sækja vatnið fyrir heimilið. Ég og frænka mínn förum samferða nokkrum konum úr þorpinu. Það er enginn brunnur í þorpinu og að sjálfssögðu eru ekki kranar í húsunum. Ég set krukku á höfuðið og geng berfætt alla leiðina.

Einu sinni þegar við vorum á leiðinni heim og ég var með fulla krukku af vatni á höfðinu datt ég. Krukkan datt á jörðina og vatnið rann úr henni og hvarf ofan í þurran sandinn. Við vorum næstum því komnar heim og ég var þreytt í fótunum og bakinu. Ég fór að gráta. Ég gat ekki hugsað mér að ganga alla leiðina aftur að brunninum til þess að sækja nýtt vatn. En konurnar sem voru með mér vorkenndu mér og gáfu mér allar svolítið af sínu vatni. Þegar hver þeirra hafði hellt svolitlu vatni í krukkuna mína var hún næstum því full.





Framkoma

Við komum ekki eins fram við alla. Framkoma okkar fer oft eftir því hve náið við þekkjum þá sem við tölum við.

Við suma erum við formleg og kurteis.

Við aðra erum við óformleg, en við megum samt ekki gleyma kurteisinni.

Þeim sem við þekkjum mjög vel, t.d. foreldrum og systkinum, sýnum við allar hliðar okkar: Við erum góð, slæm, frek, kurteis, leið, glöð, öskureið, óþolinmóð.

Af hverju fá þeir sem þekkja okkur vel að sjá fleiri hliðar á persónuleika okkar?

Af því að við þekkjum þá og treystum þeim til þess að umbera okkur og fyrirgefa okkur þótt við séum ekki fullkomin.



Viðeigandi og óviðeigandi hegðun




Skilur þú orðin?

Brúka munn, ybba gogg, svara á móti, svara til baka og rífa kjaft.



Þessi orð eiga öll við um sama fyrirbærið. Það eru ekki öll börn sem átta sig á því hvað fullorðna fólkid á við þegar það segir að börnin séu að brúka munn, svara á móti eða ybba gogg. Hér koma nokkur dæmi um hvað þetta hlýðir og þessi hegðun er með öllu óviðeigandi og mjög ókurteisleg.

Kennarinn biður Palla að fara úr skónum áður en hann kemur inn í skólastofuna. Palli brúkar munn og segir: – Gerðu það sjálf!




Kennarinn biður Siggu að hætta að masa í tíma. Sigga brúkar munn og svarar: – Hættu því sjálfur!



Kennarinn segir Stínu að honum finnist hún haga sér leiðinlega. Hún svarar: – Mér er alveg sama!

Steini hleypur eftir göngum skólans og gangavörðurinn skipar honum að ganga. Steini svarar á móti: – Þér kemur ekkert við hvað ég geri!



Þetta væri meira við hæfi:

Palli segir í stað þess að brúka munn:
– Ó, fyrirgefðu, ég gleymdi mér.


Í stað þess að brúka munn þagnar Sigga og hlýðir þar með kennaranum.



Stína segir: – Fyrirgefðu, ég skal hætta því.


Í stað þess að brúka munn hlýðir Steini gangaverðinum og hægir á sér.

Komdu fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig!



Fæðuhringurinn

Sá sem vill borða hollan mat reynir að borða eitthvað úr öllum flokkum fæðuhringsins á hverjum degi. Börn sem eru að stækka þurfa hollan og næringarriðan mat.




Viltu harðfisk
og rúgbrauð, væni
minn?

Nei takk, ég borða
bara franskur og
kokkteilsósu!

aumingjabrauð - franskbrauð
djúpsteikir jærdeplastrimlar - franskur kartöflur
eldát - borða grillmat
falskar kartöflur - franskur kartöflur
feimið hvítkál - rauðkál
glæra gullið - íslenskt vatn
kjetkurlssamloka - hamborgari
kransæðakitti - majones
krumpualdin - rúsína
litað sykurvatn - djús og gos
p-matur - pasta, pítsa, píta og pylsa
pottormar - spagettí
ruslréttir - skyndibitar

Úr Pétriðk-íslenskri orðabók

Hvað sýna myndirnar?



Hneffifar - örvggiðbelti - reiðhjólahjálmur - brauð - banani - egg



Kanntu að leita í símaskránni?

Alma Einarsdóttir
Norðurstíg 25 744 892
Anna Þorgrímsdóttir
Heppustræti 31 731 124
Aron Jónsson
Spítalastíg 150b 756 474
Árni Albertsson
Sævargörðum 77 785 132
Ástráður Bergsson
Vegamótum 8 737 456
Bílverkstæði Breka
Akbraut 11 777 100
Dagur Lúðvíksson
Fjólubúð 10 703 309
Eggert Friðfinnsson
Sæunnargötu 3 744 647
Einar Finnsson
Finnstvallagötu 6 754 391
Fjóla Björg Jónsdóttir
Fáfnisvegi 45 789 456
Gerður Grettisdóttir
Munkastræti 9 764 076
Guðbjörg Lövenskjöld
Háhólum 1 765 485
Guðjón Halldórsson
Fiskagötu 11a 721 912
Gunnþórunn Freysdóttir
Drekagötu 56 741 391
Halla Hrólfssdóttir
Bollaboða 7 781 398
Helgi Bogi Bergsson
Draumastræti 19 765 163
Hermann Sigurðsson
Hjallagötu 20 733 739
Ingi Sóleyjarson
Jónsvör 14 745 770
Ingibjörg Hreggviðsdóttir
Jónsgötu 69 761 428

Ingólfur Erlendsson	Útgötu 3 782 936
Ingveldur Anna Briem	Skötugötu 41 704 519
Jóhanna Erla Óskarsdóttir	Bæjarbyggð 8 721 982
Jónas Geir Bollason	Grjótagötu 4 769 327
Karl Magnús Þorsteinsson	Þrastaslóð 4 708 876
Karólína Hrönn Hafsteinsdóttir	Gyðugötu 6 789 271
Knútur Lárus Ketilsson	Hvammsgötu 17 736 892
Kristín Ólafsdóttir Hafnfjörð	Drekagili 11 745 934
Lára Fríða Friðgeirsdóttir	Vetrarbraut 4 737 991
Lárus F. Sigurðsson	Látrabjögum 12 745 235
Lína L. Hábeinsdóttir	Sjónarholi 2 765 575
Lúther Jón Kristjánsson	Álfastræti 88 796 342
Magnea Sigþórsdóttir	Flöskuhálsi 4 753 912
Magnús Þorri Olgeirsson	Hamingjustræti 13 789 456
Magrét Helgudóttir	Unnargötu 37 702 192
Matvöruverslunin Hornið	Lækjarbraut 42 745 777
Nanna Þráinsdóttir	Hellisboða 5 764 943
Njáll P. Þórarinsson	Norðurstræti 187 709 238
Nói Númi Friðriksson	Bláhúsum 4 783 561
Oddur Sverrisson	Sjávarsíðu 90 706 915
Ólöf Jóna Hermannsdóttir	Brekkuhlíð 8 761 926
Óskar Halldórsson	Beinubraut 1 732 298
Pálína Hannesdóttir	Steggjastræti 7 751 147
Páll Bergsson	Blómahlíð 23 745 983
Rakel Rún Geirdóttir	Kúlustræti 45 791 356
Rannveig Grétarsdóttir	Rauðasandi 37 769 124
Rúnar Sveinn Höskuldsson	Vonarvöllum 25 737 191
Selma Sveinsdóttir	Ljósatröð 44 788 613
Sigurður Andri Guðmundsson	Brattabergi 63 741 943
Sjöfn Hulda Árnadóttir	Mjúkafeni 57 751 512
Tinna Hrönn Jónsdóttir	Sleipnisvöllum 4 762 347
Trausti Sveinbjarnarson	Kríutröð 15 745 162
Unnur Valsdóttir	Villigötu 23 764 932
Úlfar H. Jósefsson	Kjarnagötu 11 701 100
Valur Hrafinkelsson	Bröttubrekku 35 732 884
Verslunin Blómið	Hvergihorni 19 756 443
Þormóður Þór Freysson	Finnmörk 4 776 897
Æsa Ásta Yngvadóttir	Bláhörum 45 790 860
Ævar Jón Kristinsson	Blómsturvöllum 46 719 872
Örn Hermann Daðason	Skessufold 37 769 539

Verkefni – skrifaðu svörin á laust blað

Hvað er símanúmerið hjá Aroni Jónssyni á Spítalastíg 150b?

Hvar á Guðbjörg Lövenskjöld heima?

Hvað er símanúmerið hjá Línu L. Hábeinsdóttur og hvar býr hún?


Hvar á Einar Finnsson heima og hvað er símanúmerið hjá honum?

Hvar er verslunin Blómið?

Hvar á Margrét Helgudóttir heima og hvað er símanúmerið hjá henni?



Kanntu að lesa úr korti?



Hvar er Lækjargata?
Finndu Spítalastíg.
Hvar er kirkjan?

Hvernig kemstu að sundlauginni ef
þú ert hjá spítalanum?
Hvaða strætisvagn fer að skólanum?

Ruslfjallið

Úti um allan heim er fólk að henda rusli. Ruslið safnast upp í himinháa hauga. Gera má ráð fyrir að venjuleg fjölskylda hendi á einu ári pappír í ruslið sem þurfti 6 stór tré til að búa til. Sama fjölskylda hendir hugsanlega 500 dósum á ári undan drykkjum, mat og gæludýramat. Þessi fjölskylda hendir hátt í 50 kílóum af plasti í ruslið. Um það bil 30 kílóum af málum og hátt í 50 kílóum af mat. Þessi sama fjölskylda hendir líklega hátt í 80 kílóum af gleri í ruslið ár hvert.

Frá einni fjölskyldu kemur heilt fjall af rusli á hverju ári! Þessu má breyta.

Ef farið er með ruslið í endurvinnsstöðvarnar er hægt að nýta það aftur með því að búa til ýmsa nothæfa hluti úr því.

Pappír

Það má t.d. taka dagblaðapappír og gamlar símaskrár og endurvinna pappírinn þannig að úr honum verði hinir finstu eggjabakkar. Eggjabakkana má svo endurvinna á ný.

Plast

Hægt er að endurnýta tómar plastflöskur. Úr þeim hafa verið gerðar flíspeysur, flíshúfur og alls konar fót úr flísefni.

Matur

Sumir eiga kassa sem þeir henda öllum matarleifum í. Kassinn er sérstaklega hannaður fyrir slíkt. Smátt og smátt breytist maturinn í mold. Moldina má nota úti í garði.

Gler

Hægt er að endurnýta gler. Það er mulið og notað sem fyllingarefni undir vegi.



Á ferðalagi

Ég fór í ferðalag.
Ég keyrði út úr bænum.
Veðrið var yndislegt og sólin skein í heiði.
Meðfram veginum var skurður.
Í honum var dekk og hvítur plastþoki!

Ég keyrði niður að fallegu vatni.
Ég fór út úr bílnum og gekk niður að vatninu.
Svo teygði ég úr mér
og andaði að mér fersku loftinu.
Mér varð litið ofan í vatnið.
Það var hreint og tært og þar syntu lítil síli.
Upp við stein var spýtnarosl og rauð gúmmígjörð!

Ég hélt áfram mína leið og mig var farið að hungra.
Ég stoppaði í sjoppu sem var á leið minni.
Í kringum sjoppuna var alls konar bréfarusl
og matarafgangar.
Svartbakar gæddu sér á ruslinu.

Ég nam staðar í fallegum lundi
og sló upp tjaldi mínu.
Svo fór ég að elda matinn.
Ég opnaði niðursuðudós og hellti úr henni í pott.
Ég fékk mér gos úr plastflösku.
Í eftirmat fékk ég mér súkkulaði.
Ég borðaði og borðaði.
Þetta var yndislegt frí.
Daginn eftir tók ég tjaldið niður.
Ég gætti þess að skilja ekkert rusl eftir mig.
Þarna var engin ruslafata svo ég setti ruslið í poka
sem ég hafði í bílnum.
Og keyrði mína leið.



SPOR 4



Bókin *Spor 4* er ætluð til kennslu níu ára barna í lífsleikni. Helstu markmið efnisins eru að efla samskiptahæfni og tilfinningaþroska nemenda. Tekið er mið af markmiðum 4. bekkjar í lífsleikni. Tillögur um 30 kennslustundir eru í sérstökum kennsluleiðbeiningum sem fylgja efninu. Viðfangsefni kennslustunda eru fjölbreytt og taka mið af kenningu um fjölgreindir.

Kennsluleiðbeiningar má sækja á vef Námsgagnastofnunar.

m
MENNTAMÁLASTOFNUN
40161

